



## STJÓRN SSH 451. fundur

Mánudaginn 4. desember 2017, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir og Haraldur Sverrisson.

Fjarverandi: Gunnar Einarsson, Haraldur L. Haraldsson og Guðný Ívarsdóttir.

Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Stjórnarformaður SSH Ármann Kr. Ólafsson setti fund og stýrði.

Þetta gerðist:

### 1. FERÐAÞJÓNUSTA FYRIR FATLAÐ FÓLK /málsnr. 1711002

Bergljót Sigurbjörnsdóttir, formaður samráðsvettvangs forstöðumanna velferðarsviða, sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

Fyrir lágu tillögur samráðshóps velferðarsviða um breytingar á sameiginlegum reglum fyrir ferðaþjónustu fatlaðs fólks og þjónustulýsingu.

Umræður

#### Niðurstaða:

Stjórn SSH samþykkti fyrirleggjandi tillögur að breytingum með vísun í 4. grein þjónustulýsingar frá 19. maí 2014.

### 2. NÚVERANDI KERFI VEGNA MATS Á ÞÖRF FÓLKS MEÐ FÖTLUN FYRIR ÞJÓNUSTU

Bergljót Sigurbjörnsdóttir sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

Ásgerður Halldórsdóttir fór yfir eðli og stöðu máls og benti sérstaklega á mikinn kostnað sveitarfélaganna vegna vistunarúrræða fyrir fjölfatlaða einstaklinga og þörf á samtali við ríkið og jöfnunarsjóð vegna þessa.

Umræður

#### Niðurstaða:

Bergljót Sigurbjörnsdóttir tekur málið til sérstakrar umfjöllunar hjá samráðsvettvangi velferðarsviða sveitarfélaganna og stjórnarformaður kallar saman sérstakan fund framkvæmdastjóra og félagsmálastjóra vegna málsins.



**3. STYRKIR MEÐ GRUNNÁMI Í LISTDANSI /málsnr. 1504009**

Fyrir fundinum lá umsögn skólamálanefndar SSH um erindi Félags íslenskra listdansara frá 19. september 2017.

Umræður

**Niðurstaða:**

Samþykkt að óska eftir skoðun Sambands íslenskra sveitarfélaga á málinu.

**4. Önnur mál**

**a) Ný persónuverndarlög – áhrif á sveitarfélögin**

Vakin var athygli á málinu og þörf á að kalla eftir sérstakri kynningu fyrir sveitarfélögin, í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:00